

Nokkrir punktar úr sögu Kóngsgerðis, fyrst Kirkjuvegur 19 síðar Hellisgötu 15.



Konráð Rúnar 1963

1960, árið sem fjölskyldan flutti í húsið Kóngsgerði í Hafnarfirði. Við það hús stóðu þá tveir útikamrar sem staðsettir voru vinstra megin þegar ekið var inn á planið og á leiðinni niður í kjallara. Þar sem þeir voru standa nú tré. Þá var í Kóngsgerði ekkert heitt vatn og aðeins kalt vatn úr einum krana inn í eldhúsi. Að kamrar stæðu við hús hafnirsk var ekki óalgegnt. Þegar hér er komið hefur kömrum fækkað nokkuð og eftir að stefna bæjaryfirvalda sveigðist inn á þá braut að koma þeim öllum í ló. Hvar Kóngsgerði er í röðinni með vatnssalerni er ekki gott að segja en líklega hefur það verið tekið svona með seinni skipunum, ef svo má segja. Vatnssalerni kom nokkrum árum eftir að við fluttum og um kannski 1964, 1965 og þá fyrst á efri hæð hússins. Heitt vatn kom þó á undan og líklega með olúkyndingunni sem leysti kolakyndinguna sem fyrir var af upp úr 1961 1962. Kol voru orðin nokkuð dýr og olían ódýrasti hitunarkosturinn og hafði yfirhöndina yfir aðra upphitunarkosti. Hitaveitan leysti olíuna af hólmi sem einnig var komin á yfirverð er ráðist var í gagngerar breytingar með öllu jarðraskinu sem þeim fylgdi á götum bæjarins og margri íbúar muna.

Kóngsgerði, Kirkjuvegur 19, Hellisgata 15, er byggt úr tveim húsum og er með sérstaka sögu. Árið 1915 ákvað útvegsbóndi nokkur að flytjast búferlum til Hafnarfjarðar ásamt fjölskyldu sinni. Húsið sem maðurinn bjó í áður hét Kóngsgerði í Leiru. Það hús reif hann og flutti með sér til Hafnarfjarðar. Á þessum stað, sem Kóngsgerði nú er á, var fyrir lítið hús sem Illugahús hét og reif hann það og byggði úr viðum þess og gamla hússins í Kóngsgerði. Bygginguna nefndu hjónin Kóngsgerði. Hvort Kóngsgerði var strax tvílyft hús skal ósagt látið en höfundur minnir að hafa heyrt um að efri hæðin hafi risið síðar, án þess þó að fá staðfest þann orðróm. Hvernig sem það mál er vaxið er byggingarsaga hússins samt skemmtileg.

Kóngsgerði er æskuheimilið höfundar frá vordögum 1960 til 1976. Götuheitinu var breytt einhverstaðar á milli 1962 og 1963 í Hellisgötu 15. Húsið sjálft helst í óbreyttri mynd. Þegar við fluttum út 1976 kom þangað inn einkarekin barnagæsla sem olli því að grindverk var reist á stéttinni milli innganga efri og neðri hæðar sem teygði sig frá húsinu og þvert yfir í girðinguna sem aðskildi lóðina í næsta húsi og tilheyrir Vesturbraut. Barnagæslan var í húsinu í áratugi. Fjölskylda mín bjó á neðri hæð. Áður en gengið var upp tröppurnar stóðu á vinstri hönd og þar upp við vegginn ruslatunnur undan olíu og olíufélögin útveguðu bæjarbúum fyrir heimilissorpið og var það sem gildi í bænum í áratugi. Hvort menn útveguðu sér sjálfir tunnur þessar eða bærinn fyrir þá þekkir höfundur ekki. Olíutunnunum var skipt út og tunnur úr plasti með loki á og á hjólum teknar inn og gildir ennþá í bænum.